

Aðalfundur 2020.

Aðalfundur Félags sumarbústaðaeigenda í landi Indriðastaða.

Þriðjudaginn 2. júní 2020 kl. 18 var aðalfundur Félags sumarbústaðaeigenda í landi Indriðastaða haldin í félagsheimili KR. Mættir voru 49 félagsmenn

Bjarni Ingi Björnsson, stjórnarformaður í félaginu, bauð fundargesti velkomna. Gerði hann að tillögu sinni að Örn H. Magnússon yrði gerður að fundarstjóra. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarritari kosin Þórhildur Garðarsdóttir.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2019 kynnt af formanni.

- Byrjað var á því að fara yfir dómsmálið varðandi vatnsveituna og niðurstöðu þess en félagið tapaði málinu fyrir Landsrétti.
- Rætt var um fund sem nokkrir stjórnarmenn áttu með Dönunum, eigendum Indriðastaða. Niðurstaðan var að þeir ætluðu að koma til baka til fundar og hefur boltinn verið hjá þeim. Því miður hefur ekkert heyrst frá þeim síðan.
- Farið var yfir forsendur þess að Vatnsveitufélagið var stofnað.
- Farið yfir þau vandamál sem félagið hefur haft varðandi öryggishliðin en þau eru ekki að standast veðrin eins og til var ætlast og félagið því lent í miklu veseni vegna þessa. Búið að þetta hliðin betur og laga festingar sem hafa bagnað þannig að vonandi hanga þau svolítið lengur. Ekki var farið í það að skipta um hlið í Stráksmýri og í Indriðastaðahlíð á síðasta ári.

2. Ársreikningar félagsins kynntir af Áslaugu Guðjónsdóttur gjaldkera félagsins.

Rekstrarreikningur.

- Rekstrartekjur eru félagsgjöld og vaxtatekjur.
- Gjöldin eru vegna þjónustugjalda, aðgangur að þjódskrá, sumarhátíðin, reikningslega aðstoð við uppgjör, snjómokstur og vegheflun ásamt lögfræðikostnaði – sem var stærsti liðurinn á liðnu ári.
- Rekstrargjöld hliðsjóðsins eru út af viðhaldi þeirra en félagið er heppið að hafa Bjarna Inga Björnsson á svæðinu sem hefur verið mjög duglegur og útsjónarsamur við að halda þeim gangandi.

Efnahagsreikningurinn.

- Þar er helst að nefna lögbannstryggingu sem þurfti að greiða eftir að seinni dómurinn féll og lán félagsjóðs til vatnsveitufélagsins vegna framkvæmda sem eru í gangi.
- Búið er að skipta efnahagsreikningi upp í félagssjóð annars vegar og svo hliðsjóð hins vegar til að skýrar sé hvað til er í hvorum sjóðnum fyrir sig.

Fundarstjóri þakkar Bjarna Inga og Áslaugu fyrir og opnaði fyrir spurningar og umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.

Eina fyrirspurnin sem kom var frá Kristjáni í Stráksmýri 11 sem spyr um hvar tekjufærslan sé á móti skuldbindingunni sem var felld niður varðandi öryggismyndavélar. Svarið var; Eigið fé var hækkað á móti um sömu tölu.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða. Ársreikningur var einnig samþykktur samhljóða.

3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

- Bjarni Ingi hættir sem formaður en bíður sig fram sem varamaður í stjórn. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á áframhaldandi veru í stjórn.
- Tillaga kom fram um nýjan formann þ.e. Karl Ómar Jónsson. Ekki komu önnur framboð og var Karl Ómar samþykktur einróma.
- Óskað var eftir framboði í stjórn þar sem vantaði nýjan stjórnarmann. Enginn bauð sig fram þannig að Bjarni Ingi varð við áskorun um áframhaldandi veru í stjórn að nýju.

Stjórnina munu því skipa Áslaug Guðjónsdóttir, Þórhildur Garðarsdóttir, Jón Þórólfur Guðmundsson og Bjarni Ingi Björnsson undir stjórn Karls Ómars Jónssonar.

- Tillögur um stjórnarmenn voru samþykktar einróma.
- Óskað var eftir framboði í varastjórn og bauð Kristín Þórarinsdóttir, Indriðastaðalandi 120 sig fram sem og Bjarni Ásgeirsson, Skálalækjarás 4.
- Tillögur um varamenn voru samþykktar einróma.
- Þá kom að kosningu skoðunarmanna og varamanna þeirra en það voru þau Hermann Ólason og Sigrún Skúladóttir sem voru kosin samhljóma.
- Varaskoðunarmaður var kosinn Örn H. Magnússon

4. Framlagning rekstraráætlunar fyrir næsta starfsár kynnt af Áslaugu gjaldkera félagsins.

- 192 lóðir eru í félaginu þar af 157 fyrir innan hlið.
- Tillaga var lögð fram um að hækka félagsgjöldin upp í 14.000 kr. – Fyrir liggur að leggja göngustíg á milli Hríás og Indriðastaðarhlíðar. Síðan þarf að standa straum af rekstri á sameiginlegu svæði, mokstri, vegaviðhaldi og slíku.
- Tillaga var einnig lögð fram um að lækka gjöld í hliðsjóðinn úr 12.000 kr. niður í 11.000 kr. Þar sem sá sjóður stendur vel. – inn í áætluninni er samt gert ráð fyrir að kaupa þurfi eitt hlið.
- Samtals yrði þá talan 25.000,- kr. fyrir þá sem eru með hlið og 14.000,- kr fyrir þá sem ekki eru með hlið.

Umræður fóru fram um rekstraráætlunina og þær tillögur sem fyrir lágu.

- Sindri spyr hvort hægt sé að breyta göngustígunum þannig að það sé hægt að nota hann sem flóttaleið varðandi brunahættu með opnanlegu hliði. Bjarni Ingi, fyrrverandi formaður svaraði fyrir hönd stjórnar að hugmyndin með þessum stíg sé að það verði hægt að aka hann en það sé hægt að setja tvo steina fyrir sem hægt sé að velta frá, en þetta er alls ekki hugsað sem akvegur. Ingólfur Garðarsson, Skógarási 1 fagnar því að það sé verið að setja nýjan göngustíg en ekki megi gleyma gömlu stígunum, það þurfi að halda þeim við.
- Einnig var spurt hvort væri fast tilboð í lagningu göngustígsins eða hvort þetta sé áætlun. Hvort það þurfi jafnvel ekki að hækka þessa upphæð enn frekar til þess að geta gert ýmislegt fleira á svæðinu. Áslaug segir að þetta sé áætlun, erfitt sé að fá fast tilboð, en að við teljum að það fari ekki yfir þessa upphæð. Því er beint til nýrrar stjórnar að setja af stað skoðun á flóttaleiðum.
- Ragnar í bústað nr. 8 niður við vatn. Leggur til að þessar hugmyndir varðandi göngustígana verði vísað til stjórnar.
- Bjarni segir frá því að það hafi verið stofna félag sem heitir Dalsheild sem ætlar að taka þessar flóttaleiðir fyrir og fara með áfram.
- Karl Ómar, segir frá því að hann hafi setið fund með sveitarstjórn og þar er áhugi á því að gera sameiginleg plön fyrir dalinn.

Fundarritari ber rekstraráætlun 2020 upp til samþykktar og var hún samþykkt.

5. Önnur mál.

- Bjarni fer yfir það að þegar bústaðir eru seldir þá gleymist allt of oft að láta stjórnina vita um breytt eignarhald sem er þó nauðsynlegt.
- Dyrholt, vill ganga inn í sumarbústaðarfélagið og fá vatn frá okkur. Stjórnin hefur ekki viljað samþykkja þetta, tillaga okkar er að þetta verði skoðað af næstu stjórnnum (vatnsveitufélagið og sumarhúsafélagið). Hús sem verða í einkaeign. Umsókn liggur fyrir hjá sveitarfélaginu um að breyta þessari lóð úr atvinnulóð í einkalóð.
- Anna Borgþórs bendir á það sé eðlilegt að þau fái að koma inn í félagið þar sem þau séu nú þegar að fá vatn hjá okkur.
- Ívar, vill vita hvort það sé munur á þeirra húsum og öðrum húsum á svæðinu.
- Þarf að skoða hver kostnaðurinn er að taka þau inn, varðandi lögnina og þurfum við að setja sverari lögn og slíkt.

Fundarritari leggur eftirfarandi tillögu fyrir fundinn og ber hana undir atkvæði sem var samþykkt.

- Formönnum sumarhúsafélagsins og vatnsveitufélagsins verði veitt umboð til að og semja við forsvarsmenn Dyrholts um aðild þeirra að okkar félögum, þar sem skoðað verður hvort um er að ræða óeðlilegan kostnaðarauka nú eða síðar í tengslum við að tengja þá við vatnsveitukerfið.
- Skoða þarf hvort sérstakt inngöngugjald verði innheimt fyrir hvert hús og ef svo er hvað hæfilegt gjald væri hátt.

Tillaga var einnig sett fram um að stofna 3 manna starfshóp til að fara yfir lög félagsins og koma með tillögu að breytingum fyrir aðalfund 2021.

Fundarritari bar tillöguna undir atkvæðagreiðslu sem var samþykkt. Beðið var um að fólk gæfi sig fram við stjórn ef það hefði áhuga á að taka þátt í þessari vinnu.

- Tillaga kom um að fá samþykki fundarins til að setja mætti gögn vatnsveitufélagsins inn á heimasíðu félagsins og að Bjarni Ingi haldi áfram að sinna henni. – Það var samþykkt.
- Jón Ingi Skógarás 11, tekur til máls og ræðir Facebook síðu fyrir Indriðastaði, tilgangurinn væri að setja inn skilaboð, ábendingar og upplýsingar varðandi þá sem eiga bústaði í hverfinu. Getur hver sem er sett inn skilaboð t.d. varðandi hliðin, grunsamlegar mannaferðir, grendargæslu, færð á veturna t.d. búið að moka. Á ekki að vera tengt stjórninni og aðeins þeir sem eru meðlimir geta séð þetta og skrifað inn á hana. Jón Ingi er búinn að stofna síðu "Sumarhúsaeigendur í Indriðastaðalandi" Skiptar skoðanir voru um þetta en þessi síða væri hvergi á ábyrgð stjórnar og gætu félagsmenn útbúið svona síðu ef þeim fyndist sem hennar væri þörf. En passa þurfi upp á öryggi slíkra síðu og að einhver sjái um að taka þá út sem flytja úr hverfinu.
- Erna í Stráksmýri spyr hvort ekki hafi dregið úr innbrotum eftir að hliðin komu. Bjarni segir að það hafi dregið úr þeim, en vitað sé um tvö tilvik.

Fundarstjóri lokar umræðunni og ábendingunum er komin á framfæri.

- Spurning um Ljósleiðara hver staðan á því væri. Komið í Bleikjulág og Stráksmýri en enginn búinn að tengjast, mjög dýrt.

Karl þakkar kjörið og segist hlakka til að taka starfið að sér.

Fundi slitið